

## Fundargerð

### 208. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 25. nóvember 2014 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>20</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Rekstur janúar til október 2014
- (3) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (207. fundar).

#### 2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

Á síðasta fundi var samþykkt að gera ekki tillögu um breytingar á úrvinnslugjöldum á raftæki fyrir en næsta vor þegar magn raftækjaúrgangs liggur betur fyrir. ÓK sagði frá því að bókun stjórnar frá síðasta stjórnarfundi vegna álagningar úrvinnslugjalds hafi verið send til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

ÓK fór yfir stöðu mála hvað varðar undirbúning fyrir söfnun og ráðstöfun raftækjaúrgangs. Íris fór yfir vinnu við:

Verklýsingar þjónustuaðila.

Skilmála um söfnun og ráðstöfun raftækjaúrgangs.

Greiðslur til þjónustuaðila fyrir söfnun og ráðstöfun raftækjaúrgangs.

Jafnframt hafa átt sér stað viðræður við sveitarfélögin um greiðslu fyrir geymslu raftækjaúrgangs á söfnunarstöðvum. Send hefur verið fyrirspurn til allra sveitarfélaga um hvenig aðstaða sé til móttöku á rr-úrgangi. Um 30 sveitarfélög hafa svarað og von er á fleiri.

Sveitarfélögin munu almennt semja um greiðslur vegna geymslu rr-úrgangs á söfnunarstöðvum beint við verktaka.

Greiðsla Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila var til umræðu á fundinum.

#### 3. Rekstur janúar til október 2014

Lagt var fram yfirlit yfir rekstur vörflokka janúar til október og áætlun ársins. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.

#### 4. Önnur mál

Efnamóttakan ehf. fyrir hönd XX (nafnleyndar óskað), óskar eftir að gerast ráðstöfunaraðili vegna endurnýtingar umbúða úr pappír og pappa, samkvæmt skilmálum ÚRVS-XVIII-01.

*Samþykkt.*

Næsti fundur ákveðinn 2. desember 2014.  
Fundu slitið kl 14:20